

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 231/2015

2017/EES/19/35

frá 25. september 2015

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/459 frá 19. mars 2015 um tilgreiningu tæknilegra eiginleika fyrir sérstakt viðhengi fyrir árið 2016 um ungt fólk á vinnumarkaði sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18at (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 318/2013) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„18au. **32015 R 0459**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/459 frá 19. mars 2015 um tilgreiningu tæknilegra eiginleika fyrir sérstakt viðhengi fyrir árið 2016 um ungt fólk á vinnumarkaði sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 (Stjútíð. ESB L 76, 20.3.2015, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/459, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ingrid Schulerud

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 76, 20.3.2015, bls. 6.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.